

Sjúkraliðafélag Íslands, Vestmannaeyjadeild

Ársskýrsla 2011 – 2012

Aðalfundur Vestmannaeyjadeildar Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn í október 2011. Það var voru stjórnarskipti hjá okkur og lét Torfhildur Þórarinnsdóttir af störfum sem formaður og einnig Hafdís Sigurðardóttir eftir margra ára vel unnin störf. Við tóku Rósa Sigurjónsdóttir sem formaður og Helena Pálsdóttir sem varaformaður en Torfhildur sér áfram um kjaramálin.

Í dag eru um það bil 50 félagar og 9 nemendur við nám á sjúkraliðabraut við FÍV. Þær fengu heimsókn ungliðadeildarinnar þar sem starfið var kynnt.

Það hefur komið upp vandi í sambandi við nemendur sem lokið hafa námi frá FÍV en þeir eru ekki alltaf að klára starfsnámið sitt og viljum við ítreka það að enginn fái starfsleyfi nema að hann ljúki því og fái aðstoð við það ef þarf. Þetta hefur valdið óánægju hjá öðrum, ekki síst þeim sem höfðu mikið fyrir því að leita sér að vinnu annars staðar á landinu sem eiga ekki allir vel heimangengt. En það virðist sem sumir hafi fengið undanþágu og eru því allir þeir sem hafa verið útskrifaðir komnir með leyfisbréf.

Evrópudagur sjúkraliða var í nóvember og jólafundurinn var haldinn með glæsibrag í desember.

Í febrúar 2012 var sett trúnaðarmannaráð þar sem trúnaðarmenn okkar mættu og var félagsstjórnarfundur á sama tíma.

Í apríl áttum við góðan fund með Birnu Ólafsdóttir frá SLFÍ þar sem rædd var erfið staða við að vinna sig út úr kreppunni, uppsagnir og óvissa. Vinnuálag er mikið og gætir mikillar þreytu og kvíða hjá sjúkraliðum.

Í maímánuði var 21. fulltrúaráðsþing SLFÍ og félagsstjórnarfundur þar sem Rósa og Sólveig Þóra voru fulltrúar. Við hátíðahöld 1. maí 2012 hélt Kristín Guðmundsdóttir formaður SLFÍ ávarp í Alþýðuhúsinu og kunnum við henni bestu þakkir.

Einn sjúkraliði útskrifaðist frá FÍV á vorönn 2012, Guðmunda G. Vilhjálmisdóttir.

Sótt voru ýmis námskeið eins og trúnaðarmannanámskeið ASÍ og 5 námskeið voru haldin í Visku með leiðbeinendum frá Framvegis. Öll námskeiðin voru vel sótt og mjög áhugaverð og þökkum við leiðbeinendum vel fyrir að sækja okkur heim.

Aðalfundur félagsins var haldinn 1. nóvember 2012 og var gerð breyting á stjórn félagsins þar sem Erna Þórsdóttir var sett meðstjórnandi, Sólveig Þóra Arnfinnsdóttir gjaldkeri og Sigríður Guðbrandsdóttir varaformaður. Helena Pálsdóttir gekk úr stjórn og inn kom Ásta Halldórsdóttir sem ritari.

Á Evrópudegi sjúkraliða 26. Nóvember 2012 skrifaði Ásdís Björginsdóttir góða grein í Eyjafréttir um upplifun sína af starfi sínu sem sjúkraliði.

Samvinna okkar hefur gengið vel og ætlum við að efla hana á næstu misserum með fleiri skemmtilegum námskeiðum og samverustundum.

Uppskrift að góðum starfsanda.

2 BOLLAR AF SAMVINNU.
HEILT HJARTAFILLI AF HLUSTUN
SLATTI AF KLAPPI Á BAK
EITT HÖFUÐFYLLI AF SKILNINGI
VÆTIÐ ÖRLÁTLEGA AF GÓÐVILD,
LÁTIÐ NÓG AÐ TRAUST OG BLANDIÐ VEL
BREIÐIÐ YFIR ÞETTA HEILAN VINNUSTAÐ
OG BERIÐ Á BORIÐ FYRIR ALLA SEM STARFA SAMAN V

VESTMANNAEYJUM, 13.02.2013

RÓSA SIGURJÓNSDÓTTIR, FORMAÐUR
VESTMANNAEYJADEILDAR.